

## Tvífeld VERA

Nýtt tölublað af kvennatímaritinu VERU er komið út og það sem meira er, að þessu sinni er VERA tvöföld og einar 56 efnisríkar blaðsíður. Þetta eru tölublöð nr. 6 og 7 í einum pakka. Fjölmargt efnis er í blaðinu að venju. Meðal þess er greinaflokkur undir heitinu Mótvægi gegn þeim, sem vilja hverfa aftur til ólöglegra fóstureyðinga, en þar er m.a. rætt við unglingsstúlku um kynlíf, við kennara um kynfræðslu í skólum o.fl. Fjallað er um fjárlagafrumvarpið og bankabroteru um frumvarp að nýjum jafnréttislögum, sagt er frá ráðstefnunni um kjör kvenna á vinnumarkaðinum í Gerðubergi, frá listakonunum í Gallerí Langbrók, á þá má geta rabbs um óbarnshæfar eldhúsinnréttingar og húsagerðarlist, um kvennaútgáfufyrirtæki og er þá síðurensvo allt talið af efni þessarar veglegu VERU. Að þessu sinni kostar VERA meira en ella eða 100 krónur í lausasölu, sem þó er minna en tvöfalt verð fyrir tvöfalda VERU. Geri aðrir betur.

Áskriftarsíminn er 21500 eða 22188. Áskrift að VERU er góð jólagjöf.